

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Borgarbyggðar.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaeigendur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í 1. gr samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð, skulu greiða leyfisgjald skv. b-lið 2. gr. og b-lið 6. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð, nr. 107/2008.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund, sbr. b-lið 2. gr. samþykktar nr. 107/2008, skal vera 14.975 kr. fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött, sbr. b-lið 6. gr. samþykktar nr. 107/2008, skal vera 8.582 kr. fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

#### 3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Borgarbyggð fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Hjálparhundar og hundar sem eru notaðir til björgunarstarfa eru undanþegnir leyfisgjaldi. Þessir hundar eru eftir sem áður skráningarskyldir og skulu uppfylla skilyrði samþykktar sveitarfélagsins um leyfi til hundahalds.

#### 4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda samkvæmt 4. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera 22.855 kr. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 8.582 kr. fyrir 1. skipti, 11.151 kr. fyrir 2. skipti og 14.531 kr. fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið vera eins og fyrir skráða hunda 8.582 kr.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera 16.470 kr.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eigendum sínum eftir handsömun fyrr en að lokinni skráningu.

Innheimt verður leyfisgjald af þeim eigendum óskráðra hunda og katta sem fengið hafa bréf frá gæludýraeftirlitinu vegna óskráðra dýra og hafa ekki svarað því eða skráð dýrin innan uppgefins tíma.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1695/2024.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 11. desember 2025.

*Borgarnesi, 19. desember 2025.*

**Stefán Broddi Guðjónsson** sveitarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 13. janúar 2026